

Athugasemdir við breytingu á skipulagi

Dalvegur 32

Hæð bygginga

Hæð bygginga er óheyrileg, 19-21 metri sem samsvarar hæð á átta hæða blokk í Engihjallanum. Fyrsta hæðin byrjar að telja í hæðarpunkti sem nemur við þakið á Dalvegi 32b.

Útlit og hönnun húsa.

Eins og fram kom á íbúðafundi þá verði ytra byrði húsanna úr efnum sem hindra endurkast á hljóði upp í byggðina. Gerð verði krafa til verktaka að hönnun húsanna verði í samræmi við væntingar bæjarstjórnar og verði okkur til sóma.

Hljóðgöng

Íbúar hafa fundið að hávaði hefur aukist í hverfinu. Krefjast skal mótvægisáðgerða í byggingaleyfi til að hindra hljóðtrekt milli húsa a-b og b-c.

Hljóðvist þarf að batna en ekki versna. Það er ekki bara nægilegt að nota líkanareikning þegar reynslan sýnir aukinn hávaða.

Bílastæði á lóð

Fjöldi bílastæða er ófullnægjandi miðað við þróun á Dalvegi 30 þar sem öll stæði eru nú yfirfull og húsið ekki komið í fulla notkun.

Ljósmengun

Það þarf að hafa í deiliskipulagi að óheimilt er að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu og slökkt sé á lýsingu í húsunum eftir 22:00 á kvöldin.

Á framkvæmdartíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrifum á Dalvegi.

Dalvegur 30

Ljósmengun

Slökkva á öllum skiltum sem snúa að Dalvegi, einnig þarf að fara fram á við húseiganda að slökkva ljós í byggingunum eftir 22:00 á kvöldin.

Á framkvæmdatíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrifum á Dalvegi.

Umferðarmál – vegtengingar

Á kynningarfundinum voru notaðar mælingar frá 2019 í stað þess að nota nýjustu mælingar. Árið 2023 var umferð á Dalveginum mæld hvern einasta dag ársins, fram kom á fundinum að ekki er mark takandi á nýjustu mælingum frá 2023. Er þetta merki um óvönduð vinnubrögð við mælingarnar á umferðinni eins og ítrekað hefur verið bent á. Við viljum réttar mælingar sem hægt er að bera saman og byggja á, enn eru ekki komnar niðurstöður í umferðarlíkanið sem er ábyggilegt.

Klára brú milli lóða Dalvegur 30d og Teits Jónassonar.

Setja í forgang vegtengingu milli Reykjanesbrautar og Dalvegur.

Samræma vinstri beygjur á Dalvegi.

Í dag er allur gangur á hvernig þessu er háttað í dag. Eftir að Dalvegur 30 kom í notkun þá var gerð breyting á Dalvegi og heimiluð vinstri beygja frá bílastæðinu sem fylgir húsnæðinu, þessi breyting er algjört glapræði. Í fjölmörg skipti við akstur á Dalvegi þá hafa bílar “svínað” fyrir bifreiðar við það að taka vinstri beygju út á Dalveg. Það kom fram á fundinum að samræða þurfi vinstri beygjur. Samræmingin ætti að vera að vinsrti beygja séu alfarið bannaðar.

Gatnamót Dalvegur og Hlíðarhjalla eru stórhættuleg.

Þegar ekið er þar um þá er það nánast regla að ekið er á móti rauðu ljósu, hvort sem er þegar ekið er upp eða niður Dalveg. Því þurfa þeir sem eru að taka beygju frá Hlíðarhjalla inn á Dalveg að gæta vel að sér svo ekki verði alvarleg slys. Þær bifreiðar sem haga sé með þessum hætti það er að aka á móti rauðu ljósi eru langflestar atvinnubifreiðar. Því er nauðsynlegt að setja upp öryggismyndavélar sem nema þessi brot til að koma í veg fyrir þennan glæfra akstur og greina hraðakstur sem er stunaður við þessi brot.

Lækka leyfðan hámarkshraða.

Klára tengiveg meðfram Reykjanesbraut með lokatengingu við Kraftvélar, þessi vegur myndi létta á Dalveginum, þessi tenging er búin að vera í skipulagi í yfir 20 ár.

